

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og sorpurðun í Sveitarfélaginu Skagafirði.

#### 1. gr.

Sorphirðugjald í þéttbýli þar sem sorphirða fer fram:

Árlegt gjald miðað við ílát er sem hér segir:

Sorphirðugjald á ílát, íbúðarhúsnæði kr. 10.000

Sorphirðugjald á ílát, sumarhús kr. 3.500

Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.

#### 2. gr.

Árlegt sorpurðunargjald frá atvinnurekstri og húsnæði í dreifbýli svo og öðru húsnæði og stofnunum, sem nota gáma og/eða hafa aðgang að urðunar- og söfnunarsvæðum sveitarfélagsins. Fyrirtækjum er raðað í flokka samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar miðað við magn og umfang úrgangs. Gjaldið er sem hér segir:

I.	Flokkur	kr.
	1	8.000
	2	43.000
	3	129.000
	4	258.000
	5	516.000

Gjalddagi er 1. júní ár hvert. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

II.	kr.
Bújarðir eða býli með atvinnustarfsemi	9.500
Þjónustubýli	4.500
Sumarbústaðir	3.500

Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.

#### 3. gr.

Kvörtun vegna álagningar eða innheimtu skal beina til tæknideildar sveitarfélagsins.

#### 4. gr.

Til tryggingar á greiðslu skv. gjaldskrá um sorphirðu og urðun í Sveitarfélaginu Skagafirði er lögveðréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar 30. nóvember 2006, er sett skv. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingu svo og samþykkt fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Skagafirði og öðlast gildi þann 1. janúar 2007. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 45/2006.

*Sauðárkróki, 30. nóvember 2006.*

**Guðmundur Guðlaugsson** sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 18. desember 2006